

## Rökstuðningur vega úthlutunar styrkja

### Þróunarverkefnasjóður Flateyri 2023

Auglýst var eftir umsóknum í þróunarverkefnissjóð Flateyrar þann 12. desember 2022, með umsóknarfrest til og með 9. Janúar 2023. Til úthlutunar voru 15 milljónir. Alls bárust 25 umsóknir þar sem í heildina var sótt um ríflega 32 milljónir af heildarkostnaði verkefna upp á 50,6 milljónir, þar af hlutu 16 brautargengi. Flestar umsóknir vísuðu til með einum eða öðrum hætti til markmiða Flateyrarverkefnisins og niðurstaðna íbúabings og áherslum í sóknaráætlun Vestfjarða. Af þeim verkefnum sem hlutu styrk má flokka fjögur sem samfélagsverkefni og tólf sem verkefni í atvinnu- og nýsköpun. Reynt var að velja sem fjölbreyttust verkefni og var stuðst við stigagjöf eftir mat á tilteknum þáttum í takt við markmið og áherslur verkefnisins. Mat verkefna tekur mið af íbúasamráði í tengslum við samfélagsverkefni á Flateyri og markmið Sóknaráætlunar Vestfjarða. Umsóknir sem bárust í sjóðinn voru metnar af verkefnisstjórn byggðalagsins, sem skipuð er fulltrúum frá Ísafjarðarbæ, Vestfjarðastofu og hverfaráði Önundarfjarðar.

Veittir voru verkefnastyrkir til 16 verkefna samtals 15 milljónir króna. Þau verkefni sem hlutu styrk í þetta sinn eru kynnt stuttlega hér að neðan. Þeir aðilar sem sendu inn umsóknir núna en fengu ekki úthlutað, eru eindregið hvattir til að sækja um í aðra sjóði sem gætu vel fallið að þeirra verkefni og áformum.

#### **Almennt:**

Þróunarverkefnasjóður Flateyrar byggir á samskonar reglum og verklagi og unnið er með í verkefnum Brothættra byggða og getur sjóðurinn tekið þátt í fjármögnun styrkhæfs kostnaðar einstakra verkefna í samræmi við aðgerðaáætlun verkefnisins og /eða ákvörðun verkefnisstjórnar.

Verkefni þurfa að styðja við framtíðarsýn og markmið í Flateyrarverkefnisins, eins og þau komu fram á íbúabingi, ásamt markmiðum Sóknaráætlunar Vestfjarða. Ekki er gerð krafa um mótframlag en jafnan er það talið verkefnum til framdráttar ef þau laða fram krafta þátttakenda.

Styrkhæf verkefni eru rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefni þar sem markvisst er stefnt að markaðssetningu nýrrar eða endurbættar vöru eða þjónustu. Einnig er heimilt að styrkja stofnfjárfestingu í hvers konar verkefnum að því gefnu að þau raski ekki samkeppni á viðkomandi þjónustusóknarsvæði. Enn fremur samfélagsefandi verkefni önnur en þau sem teljast til lögbundinna og/eða hefðbundinna verkefna ríkis eða sveitarfélaga. Um verkefni sem kostuð eru að hluta af verkefninu Brothættum byggðum gilda eftirfarandi reglur:

*Styrkir til styrkþega séu innan marka samkvæmt reglum EES um minniháttaraðstoð:*

Með vísan til reglugerðar um minniháttar aðstoð sem er hluti af EES-samningnum ber umsækjanda að upplýsa um annan opinberan stuðning á tveimur næstliðnum reikningsárum og yfirstandandi reikningsári vegna sama verkefnis eða annarra verkefna á vegum umsækjanda, enda sé sá stuðningur veittur í samræmi við reglugerð um minniháttar aðstoð. Samkvæmt reglunum mega styrkir ekki fara upp fyrir 200.000 evrur á þremur árum. Upplýsa skal hvort slíkur stuðningur hafi verið móttækinn og þá þær fjárhæðir sem um ræðir.

Um verkefni sem kostuð eru af verkefninu Þróunarverkefnasjóður Flateyrar gilda eftirfarandi reglur:

Viðurkenndir kostnaðarliðir vegna styrkhæfra verkefna:

- ✓ Laun og launatengd gjöld
- ✓ Rekstrarvörur og efni o.fl.
- ✓ Aðkeypt þjónusta

- ✓ Ferðir og fundir
- ✓ Markaðsrannsókn/könnun
- ✓ Stofnfjárfestingu, ef fyrir liggur að verkefni raski ekki samkeppni á viðkomandi þjónustusóknarsvæði.

#### **Þróunarverkefnasjóður Flateyrar fjármagna ekki:**

- ✓ Fjárfestingu í hráefnum þ.m.t. tækjum og búnaði sem eru hlutar af afurð eða þjónustu sem ætluð er til sölu.
- ✓ Fjárfestingu í sjálfu framleiðsluferlinu og umhverfi þeirra þ.m.t. húsnæði og tækjabúnaði til framleiðslu afurða og þjónustu sem ætluð er til sölu. Undantekning frá þessum lið er stofnfjárfesting í búnaði og aðstöðu að uppfylltum sérstökum skilyrðum um að verkefni raski ekki samkeppni (sjá nánar heildarreglur)
- ✓ Markaðsfærslu og sölustarfsemi umfram framangreint.

Verkefnisstjórn samfélagsverkefnis á Flateyri samþykkir ekki kostnað sem fallið hefur til vegna verkefnis áður en umsókn er lögð inn hjá verkefnisstjórn, þ.m.t. mótframlag þátttakenda.

Sjá reglurnar í heild sinni á slóð: <https://www.vestfiridir.is/static/files/Flateyri/verklag-um-umsyslu-fjarmuna-throunarsjods-flateyrar-2020.pdf>

#### **Rökstuðningur með styrkveitingum vegna umsókn**

##### **ÞS-Flat.2023 – 2 Hvítisandur, sjóböð í Holtsfjöru – Runólfur Ágústsson og samstarfsaðilar**

Markmið verkefnisins er að halda áfram þróunarvinnu að sjóböðum í Önundarfirði. Þegar hefur verið unnin tæknileg greining á vinnslu varmaorku úr sjó til að hita böðin, ásamt markaðsgreiningu og hönnun. Nú felst verkefnið í að gera verkefnið tilbúið til fjármögnunar og í kjölfarið framkvæmda og reksturs. Styrkur verður nýttur til eftirfarandi þátta:

1. Vinnsla greinargerðar um umhverfisleg áhrif framkvæmda og reksturs með áherslu á sjálfbærni og lágmörkun áhrifa á fuglalíf og náttúru.
2. Greining á möguleikum til öflunar á köldu vatni fyrir starfsemina.
3. Gerð kostnaðar-, rekstrar- og viðskiptaáætlunar fyrir sjóböð, þ.m.t. rekstur varmadælu til vinnslu varmaorku úr sjó.
4. Vinnsla deiliskipulags fyrir sjóböð.

Umsögn verkefnisstjórnar:

*Vel útfærð og trúverðug umsókn með afar góðum fylgigögnum. Eðlilegt næsta skref í þróun verkefnisins. Sjóböðin, þegar þau verða að veruleika, munu bylta ferðamennsku í Önundarfirði og hafa mikil hliðar- og stuðningsáhrif á aðra ferðaþjónustu og atvinnulíf almennt. Fellur afar vel að stefnumörkun íbúa.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.300.000,-

### **ÞS-Flat.2023 – 7 Samkomuhúsið á Flateyri, ástandskönnun - Lýðskólinn**

Markmið verkefnisins er að kanna ítarlega ástand Samkomuhússins á Flateyri, Grundarstíg 21, gera áætlun um nauðsynlegar endurbætur og kostnað við að koma húsinu í stand. Fyrir liggur að skipt var um lagnir árið 2005 og glugga á annarri hlið hússins síðar. Ljóst er að ljúka þarf því verki á húsinu öllu, laga þak og stöðva leka. Mikilvægt er að samhliða úrbótaáætlun sé eignarhald á húsinu skýrt og fram fari umræða um samfélagslegt hlutverk þess og framtíðarfyrirkomulag á eignarhaldi og rekstri.

Umsögn Verkefnisstjórnar:

*Einföld umsókn sem fellur mjög vel að stefnumótun íbúa. Afar mikilvægt er að finna út framtíðarhlutverk Samkomuhúsins og hvort Lýðskólinn geti verið þar leiðandi. Ástandsskoðun er ákveðin forsenda þess að nýir aðilar geti tekið hafið viðræður við Ísafjarðarbæ.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 500.000,-

### **ÞS-Flat.2023 – 13 Ásýnd þorps: Umhverfisátak – Kvennfélagið Brynja**

Markmið verkefnisins nú yrði fyrst og fremst Ráðgjöf og fræðsla til íbúa á Flateyri og í Önundarfirði veitt af tveimur sérfræðingum á fræðslufundum og með heimsóknum á svæði og einkagarða sumarið 2023 ásamt skipulegri skoðun einkagarða og opinna svæða á Flateyri. Niðurstöður teknar saman og skoðaðar í ljósi umhverfisátaksins 2001-2003. Niðurstöður gætu bæði nýst einar og sér á Flateyri með bættri ásýnd þorpsins en einnig í stærra samhengi og veitt mikilvægar upplýsingar um áhrif sem umhverfis- og gróðurfarsverkefni geta haft og einnig hvað beri að forðast þegar um gróðurverkefni í þéttbýli við sjávarsíðuna á Íslandi er skipulagt.

Umsögn verkefnisstjórnar:

*Fínasta hugmynd sem fellur afar vel að stefnumörkun íbúa. Hluti verkefnis er þó rannsóknarverkefni sem er almennara en verksvið Flateyrasjóðs og því er styrkur takmarkaður við fræðsluþátt og ferðakostnað.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 600.000,-

### **ÞS-Flat.2023 – 10 Litlabýli treats-tækjakaup – Litlabýli ehf.**

Marmið verkefnisins er að auka vinnuhagræðingu og afköst eldhúss Litlabýlis (Vallargötu 3) til að mæta aukinni eftirspurn á Litlabýli Treats, sem verður gert með því að kaupa skammtara. Á undanförunum þremur árum hefur sala á vörum Litlabýlis aukist mikið í sumum tilfellum meira en þrefalt. Nú er svo komið í þróun fyrirtækisins að flöskuhálsinn er framleiðslugeta og –hraði sem takmarka vöxt þess og afkomu. Núverandi framleiðsluaðferð byggir mikið til á handavinnu án sjálfvirkni eða framleiðsluvéla og er t.d. skammtað í allar sultukrúkkur, eina fyrir eina, með tilheyrandi ónákvæmni í vigt. Vélin skammtar úr síló akkúrat réttum skammti í hverja krúkkur, þó eða aðra þakningu, þegar henni er skipað svo, og er áætlað að þökkunarhraðinn muni aukast a.m.k. tífalt.

Umsögn verkefnisstjórnar:

*Litlabýli treats hefur gengið afar vel í markaðssetningu og sölu á vörum sínum. Nú er svo komið að hagræða þarf í framleiðsluferlinu til að auka afköst. Verkefnið sem felst í kaupum á vélbúnaði mun að líkindum leiða til þess að fyrirtækið taki næsta þrep í rekstri sínum, sem mun styrkja atvinnulíf á Flateyri. Almennt fellur verkefnið vel að stefnumótun íbúa.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.100.000,-

### **ÞS-Flat.2023 – 25 Þriggja þrepa sköpunarferli í vinnu- og sýningarrými á Flateyri - ÖN**

Markmið verkefnisins er gerð viðskiptaáætlunar fyrir starfsemi tvískipts rýmis, annarsvegar sýningarrými og hinsvegar vinnurými, þar sem listafólk og almenningur getur þróað hugmyndir eða unnið að verkefnum að hluta til eða heild. Að baki liggur þriggja þrepa aðferðafræði sköpunarferlis sem styrkhafar hafa þróað og munu bjóða notendum rýmisins aðgang að. Starfsemin er áformuð í gömlu slökkvistöðinni.

Umsögn Verkefnisstjórnar:

*Ágætis hugmynd að aðstoða frumkvöðla og listamenn í að koma hugmynd í framkvæmd. Búið að fá vilyrði fyrir húsnæði og verkefnið að því leiti líklegt til árangurs. Verkefnið fellur vel að skilaboðum íbúaþings.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 750.000,-

### **ÞS-Flat.2023 – 11 Vetrarferðamennska - útbúnaður - Lýðskólinn**

Markmiðið er að festa kaup á sérhæfðum búnaði til vetrarferðamennsku fyrir nemendur á útivistarbraut „Hafið, fjöllin og þú“ við Lýðskólann á Flateyri. Árangur verkefnisins verður faglegri og öruggari rekstur á útibraut skólans, þar sem sérhæfðan útbúnað (í mismunandi ástandi) þarf ekki lengur að fá að láni.

Umsögn verkefnisstjórnar:

*Að Lýðskólinn eigi þennan búnað opnar möguleika fyrir fleiri að sækja um nám á útivistarbrautinni, því þetta er dýr búnaður sem fáir eiga. Fellur almenn vel að stefnumörkun íbúa um mikilvægi lýðskólans.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.300.000,-

### **ÞS-Flat.2023 – 8 Markaðssetning fyrir Sumardagskrá Vagnsins 2023 – Flateyrarvagninn ehf.**

Markmið verkefnisins er að auglýsa menningarviðburði á Vagninum sumarið 2023. Auglýsingar og markaðsefni munu auka fjölda gesta á tónleikum, menningarkvöldum og öðrum viðburðum. Í júní, júlí og ágúst er markmiðið að halda 30 viðburði, þar af um 20 tónleika. Verkefnið felst í eftirfarandi:

- Gerð markaðsáætlunar ásamt umsjón og kostun markaðsefnis á samfélagsmiðlum
- Ritun markaðsefnis
- Grafískri hönnun á plakötum
- Upplestri og upptökum á útvarpsauglýsingum fyrir RÁS2 –
- Prentun á plakötum til reglulegar dreifingar á norðanverðum Vestfjörðum

Umsögn verkefnisstjórnar:

*Vagninn hefur síðustu ár haldið út metnaðarfullri viðburðadagskrá sem hafa verið afar mikilvægt framlag til menningar og atvinnulífs í Önundarfirði. Vagninn hefur haft lykiláhrif í að draga að ferðamenn og aðra vestfirðinga til Flateyrar, sem m.a hefur leitt til betri nýtingar í gistipjónustu og tjaldstæði. Ofangreint fellur almennt vel að stefnumörkun íbúa.*

*Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.200.000,-*

### **ÞS-Flat.2023 – 17 - Ocean Adventure Center - Nicole Sühring**

Eftir að hafa lokið fyrsta skrefi í þróun afþreyingarfyrirtækisins með því að ljúka viðskiptaáætlun, er markmið verkefnisins nú að kaupa nauðsynlegan sérhæfðan útbúnað til þess að taka skref tvö, sem felst í að selja prufuferðir, safna myndefni og búa til markaðsefni. Samkvæmt áætlun verður svo Ocean Adventure Center komið á fullt skrið 2024 og mun bjóða upp á ýmsa sjávertengda afþreyingu.

Umsögn verkefnisstjórnar:

*Virkilega góð og vönduð umsókn. Verkefnið er gott næsta skref eftir viðskiptaáætlun. Það er líklegt til að auka aðdráttarafli Flateyrar með viðbót við þjónustu. Markaðsáætlun er sérstaklega vel unnin og verkefnið því líklegt til árangurs.*

*Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.300.000,-*

### **ÞS-Flat.2023 – 18 Hamp rækt á Flateyri - Önundur Hafsteinn Pálsson og Geir Magnússon**

Markmið verkefnisins er að útbúa viðskiptaáætlun fyrir innanhússræktun á löglegum kannabídíól (CBD) hampi og í öðru lagi til framleiðslu á heilsu- og snyrtivörum úr hampi, einkum te, sápu og húðvörum. Umsækjendur hyggjast leigja húsnæði á iðnaðarsvæðinu á Flateyri og hefja hamprækt innandyrna. Viðskiptaáætlunin mun fela í sér ítarlega markaðsáætlun og fjármögnunaráætlun auk hefðbundinn liða.

Umsögn verkefnisstjórnar:

*Ágætt verkefni og umsókn en kostnaðaráætlun er nokkuð há. Verkefnið hefur mikla möguleika hvað varðar atvinnusköpun og nýtingu á húsnæði sem stendur autt eins og sakir standa. Mælt með styrk til gerðar viðskiptaáætlunar. Almennt flelur verkið vel að stefnumörkun íbúa.*

*Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 800.000,-*

### **ÞS-Flat.2023 – 15 Eldsteinn/Firestone – Magnús Gunnar Eggertsson**

Verkefnið felst í hönnun og smíði 6 frumgerða af Eldsteini, sem er steinn úr fjörugróti á statífi sem hitaður er með kertum og verðu því bæði hitagjafi og skraut.

Umsækjandi hefur þegar hannað og smíðað tvö eintök steins á festingum með kertum undir sem verður til þess að steinninn hitnar með tímanum þegar kveikt er á kertunum og gefur frá sér varma.

Umsögn verkefnisstjórnar:

*Mjög góð hugmynd, sem sameinar skraut- og nytjahlut. Myndi nýttast mörgum til að hita upp rými, en væri á sama tíma fallegur Skúlpúr og Kertastjaki. Fellur almennt vel að stefnumörkun íbúa.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 500.000,-

### **ÞS-Flat.2023 – 3 Jólagjöf hestsins – Kalksalt ehf.**

Markmið þessa verkefnis er að hanna og pakka svokallaðari Jólagjöf hestsins og selja hana á Matarmarkaði í Hörpu. Jólagjöf hestsins er saltsteinn fyrir hesta, gerður úr salti frá Saltverki og svartur saltsteinahaldari. Gjöfin kemur í fallegum umbúðum frá Umbúðagerðinni sem Nina Ivanova og Ómar Smári hanna með Sæbjörgu Gísladóttur. Markmiði verkefnisins er náð ef meirihluti jólagjafanna selst en hún verður aðeins gerð í 100 eintökum. Markmið verkefnisins er einnig að kynna Kalksalt ehf enn betur fyrir hestamönnum en þar er markaður sem fyrirtækið hefur ekki náð nógu vel inn á.

Umsögn verkefnisstjórnar:

*Lítið vörupróunarverkefni en með raunhæfa kostnaðaráætlun og því líklegt til árangurs. Fellur almennt vel að stefnumörkun íbúa.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 900.000,-

### **ÞS-Flat.2023 – 20 Markaðssetning fyrir opnun Hnappsins – Juraj Hubinak**

Marmið verkefnisins felst í að hrinda af stað markaðsherferð fyrir Hnappurinn markaðsráðgjöf ehf, þannig að fyrirtækið komist á kortið sem einstakt markaðsfyrirtæki fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki á landsbyggðinni. Þetta verður m.a. gert með því að setja upp vefsíðu og auglýsingum á samfélagsmiðlum og google.

Umsögn verkefnisstjórnar:

*Ágæt umsókn og verkefnið fínt. Umsækjandi hefur langa reynslu af atvinnugeiranum erlendis frá, sem gerir það að verkum, ásamt trúverðugri markaðsáætlun, að verkefnið og fyrirtækið nái þeim árangri sem stefnt er að. Verkefnið fellur því almennt vel að stefnumörkun íbúa.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 800.000,-

### **ÞS-Flat.2023 – 16 Korpudalur Glamúr Camping - KorpaTech**

Markmið verkefnisins er að setja upp lúxus tjaldgistingu á tjaldsvæðinu í Korpudal, en slík gisting hefur náð miklum vinsældum hér heima og erlendis á undanförunum árum. Tjaldsvæðið í Korpudal er staðsett í innfirði Öfundarfjarðar og er umlukið stórkostlegum fjallasal. Þar rennur áin Korpa og er svæðið með einstakt fuglalíf. Þessi nánd við náttúruna er sérstaða tjaldsvæðisins og í lyklatríði unaðslegri upplifun á svæðinu. Tjaldgisting færir gesti nær þessari náttúru. Með því að bjóða upp á lúxus gistingu í tjaldi má færa slíka upplifun til hóps sem ella gistir ekki reglulega í tjaldi.

Umsögn verkefnisstjórnar:

*Góð umsókn. Ágætt verkefni og raunhæft skref til þróunar í Korpudal. Það er líklegt til að bæta við þjónustubætti í Korpudal, og styðja almennt við þróun ferðaþjónustu í Öfundarfirði. Almennt fellur verkefnið vel að stefnumörkun íbúa.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 750.000,-

### **ÞS-Flat.2023 – 24 Ostatankur fyrir Ostagerðarfélag Önfirðinga – Ostagerðarfélag Önfirðinga**

Markmið verkefnisins er að kaupa ostatank fyrir Ostagerðarfélag Önfirðinga svo hægt verði að hefja vinnslu á önfirskum ostum á Flateyri. Með tilkomu ostatanksins verður hægt að hefja starfsemi Ostagerðarfélags Önfirðinga, sem mun mögulega skapa 3-5 ársstörf á Flateyri til framtíðar. Ostagerðarfélag Önfirðinga verður eina sérhæfða ostagerðin á Vestfjörðum og fyrsta ostagerð Íslands þar sem áhersla verður lögð á neyslu ostana á framleiðslustað.

Umsögn verkefnisstjórnar:

*Styrkurinn er til að kaupa ostagerðartank frá Erpsstöðum og setja hann upp á Flateyri til að styrkja nýstofnaða Ostagerð. Verkefnið myndi styrkja atvinnulíf og fellur almennt vel að stefnumörkun íbúa.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.800.000,-

### **ÞS-Flat.2023 – 4 Brum - Leikfangagerð á Flateyri**

Verkefnið felur í sér hönnun, þróun og gerð frumgerða fyrir leikfangalínu úr íslenskum við sem hægt væri að framleiða á Flateyri. Tekið yrði mið af íslenskum, og þá helst vestfirskum, hefðum og menningu og reynt að sameina gamlar hefðir með nýjum gildum með tilliti til þroska og sköpunargleði barna. Markmið þeirra sem standa að verkefninu er að framleiðslan verði sem allra sjálfbærust og að hægt verði að sækja og vinna efnivið úr nærumhverfinu. Við lok verkefnisins er lagt upp með að eiga fullkláraðar frumgerðir af 2-3 leikföngum, sem væru þá tilbúnar fyrir markaðskannanir.

Umsögn verkefnisstjórnar:

*Skemmtilegt verkefni þó að viðskipta og markaðsáætlun vanti og því markaðslegar forsendur í nokkurri óvissu. Ef vel tekst til er verkefnið hins vegar skapandi og jákvætt í alla staði og fellur vel að stefnumörkun íbúa. Kostnaðaráætlun er trúverðug.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 750.000,-

## **ÞS-Flat.2023 – 14 Þverárvirkjun í Korpudal – Korpa tech**

Markmið verkefnisins er því að gera viðskipta- og framkvæmdaáætlun fyrir nýja virkjun í Korpudal og samræma hana að mögulegri orkuþörf annarra verkefna sem eru fyrirhuguð á svæðinu Áhugi er meðal eiganda á jörðunum í Korpudal að virkja Þverá í dalnum og aðliggjandi læki, og að umhverfisvæna orkan sem gæfist þar væri nýtt í nærsamfélaginu til frekari vaxtar í Önundarfirði, enda væri það hagstæðast að þurfa ekki að flytja orkuna langar vegalengdir með tilsvarandi töpum.

*Ágætis umsókn um mikilvægt málefni á Vestfjörðum, aukna orku. Þekking og reynsla til að framkvæma verkefnið er til staðar og er það því líklegt til árangurs. Fellur almennt vel að stefnumörkun íbúa.*

*Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 650.000,-*

Verkefnisstjórn vill hér með óska öllum styrkþegum til hamingju með styrkina og væntir mikils af samstarfinu.

F.h. úthlutunarnefndar

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir